

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 2003

29. apríl 2003

1167

Nr. 337

GJALDSKRÁ

fyrir bílastæðagjald í Reykjavík.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir um greiðslu bílastæðagjalds í Reykjavík. Bílastæðagjald rennur í Bílastæðasjóð Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Gjaldflokkar.

Bílastæðagjald greiðist fyrir þann fjölda bílastæða sem á skortir til að uppfylltar séu kröfur um fjölda bílastæða samkvæmt 64. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, deiliskipulagi og reglum þeim sem Reykjavíkurborg hefur sett sér um bílastæði. Gjaldið er mismunandi eftir gjaldflokkum eins og nánar greinir hér að neðan (sjá einnig kort í viðauka):

Gjaldflokkur I, kr. 320.000 á stæði:

Allt íbúðarhúsnæði austan Kringlumýrarbrautar auk íbúðarhúsnæðis í Suðurhlíðum vestan Kringlumýrarbrautar milli Suðurhlíðar og Bústaðavegar.

Gjaldflokkur II, kr. 650.000 á stæði:

Allt húsnæði í miðborginni eins og hún er afmörkuð í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Gjaldflokkur III, kr. 1.100.000 á stæði:

Allt íbúðarhúsnæði vestan Kringlumýrarbrautar nema það sem fellur í gjaldflokk I og II. Einnig allt atvinnuhúsnæði í borginni s.s. fyrir stofnanir, atvinnu- og þjónustustarfsemi, verslanir o.fl. að undanskildu atvinnuhúsnæði sem fellur í gjaldflokk II.

Bílastæðagjald samkvæmt gjaldskrá þessari breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Eru fjárhæðir bílastæðagjalds miðaðar við byggingarvísitölu 285,5 stig.

3. gr.

Ákvörðun bílastæðagjalds.

Við ákvörðun bílastæðagjalds skal fjöldi stæða reiknast með einum aukastaf, þ.e. upp á 1/10 úr stæði.

4. gr.

Greiðsla bílastæðagjalds.

Bílastæðagjald skal greitt eða um greiðslu þess samið áður en byggingarleyfi er gefið út.

Vanskil á greiðslu gjaldsins veitir byggingarfulltrúa heimild til að synja um úttektir og útgáfu vottorða fyrir viðkomandi mannvirki.

Gjaldinu fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallnar greiðslur með fjárnámi.

Bílastæðagjald verður ekki endurgreitt þótt byggingarleyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi ef liðið er meira en eitt ár frá greiðslu þess. Sama gildir ef notkun húss er breytt þannig að kröfur um fjölda bílastæða vegna þess séu minni en voru vegna fyrri notkunar þess.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. heimild í 54. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, og samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 29. apríl 2003, öðlast þegar gildi og falla þá úr gildi eftirtaldar greinar reglna um bílastæðagjald, sem samþykktar voru í borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. janúar 1987 með síðari breytingum, 2. mgr. 1. gr., 13. gr., 14. gr. og 15. gr.

Ákvæði til bráðbirgða.

Til að stuðla að uppbyggingu í miðborginni skal bílastæðagjald skv. gjaldflokki II (öllu húsnæði í miðborginni eins og hún er afmörkuð í aðalskipulagi Reykjavíkur) vera kr. 200.000 á stæði, tímabundið í 5 ár frá gildistöku gjaldskrár þessarar. Tekur gjaldið breytingum í samræmi við 2. mgr. 2. gr. Ákvæði þetta er afturvirktilt til 1. janúar 2003. Skal þeim sem greitt hafa bílastæðagjöld skv. eldri reglum frá þeim tíma endurgreiddur mismunur gjaldsins skv. ákvæði þessu og eldri reglum.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 29. apríl 2003.

Þórólfur Árnason.

Ívar Pálsson.

